



Melrakkasetur Íslands
The Arctic Fox Centre
Eyrardal – 420 Súðavík / Sími: 456 4922
www.melrakki.is / melrakki@melrakki.is

Súðavík 10. mars 2013

Umsögn um þingsályktunartillögu um breytt fyrirkomulag refaveiða

Refurinn (*Vulpes lagopus*) er án efa eitt umdeildasta dýrið í íslenskri náttúru. Til marks um það má nefna háværar gagnrýnisraddir í fjölmiðlum, nú síðast vegna ákvörðunar ríkisvaldsins um að hætta greiðslum á mótframlagi sínu til sveitarfélaganna árið 2009. Nú hefur, samkvæmt fjárlögum ársins 2013, verið samþykkt að verja 30 milljónum til greiðslu á slíkum mótframlögum til sveitarfélaga. Umræðan hefur að mestu snúist um þá fjölgun refa sem orðið hefur undanfarna áratugi og er staðreynd (Páll Hersteinsson 2010) og það tjón sem slík fjölgun kann að hafa í för með sér. Tófustofninn hefur að öllum líkindum meira en tífaldast á síðustu 30 árum, eftir að hafa verið í sögulegri lægð um nokkurn tíma, og má að líkast til skýra með bættum lífsskilyrðum svo sem auknu fæðuframboði samfara fjölgun fýls og heiðagæsar á sama tímabili (Mitchell & Arnór Sigfússon 1999; Páll Hersteinsson 2010, 2011). Eins hafa stofnar annarra íslenskra mófuglategunda, s.s. lóu, jaðrakans og tjalds, vaxið á undanförunum árum, samkvæmt talningum á vetrarstöðvum þeirra á Bretlandseyjum (Crowe o.fl. 2008).

Í síðasta mánuði sendi Alþingi sveitarfélögum til umfjöllunar frumvarpsdrög um breytt fyrirkomulag refaveiða (Þingskjal nr. 84). Flutningsmenn tillögunnar eru Ásmundur Einar Daðason, Gunnar Bragi Sveinsson, Vigdís Hauksdóttir, Birkir Jón Jónsson, Höskuldur Þórhallsson, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Einar K. Guðfinnsson, Ólöf Nordal, Jón Gunnarsson, Guðlaugur Þór Þórðarson og Árni Johnsen.

Tillaga þeirra er í fimm liðum sem leið að markmiði sem gert er grein fyrir í upphafi, svohljóðandi [tilvísun er innan gæsalappa]:

„Markmiðið verði að refastofninum verði haldið innan eðlilegra marka en svo það náist feli breytingarnar eftirfarandi í sér:

- a. Að refaveiðar verði ekki bannaðar á ákveðnum landssvæðum.
- b. Að tekningar verði upp aftur upp greiðslur úr ríkissjóði vegna fækkunar refa.
- c. Að rannsóknir verði á hendi vísindamanna en veiðistjórnun, þ.e. skipulagning, stjórnun og leiðbeiningar þjónusta við veiðimenn verði á hendi reyndra veiðimanna.
- d. Að samið verði við Samband íslenskra sveitarfélaga eða landshlutasamtök sveitafélaga um að sjá um skipulagningu veiðanna og greiðslur til veiðimanna.
- e. Að greiðslur fyrir hlaupadýr og grenjavinnslu verði þau sömu um allt land.“

Fengið af vef Alþingis <http://www.althingi.is/alttext/141/s/0084.html>

Við, starfsfólk Melrakkaseturs Íslands fögnum áhuga ráðamanna á refnum og skipulagi refaveiða. Við viljum gjarnan leggja okkar af mörkum til að koma refaveiðum í sem bestan farveg en teljum jafnframt að margt megi betur fara í drögum þessum. Hér fyrir neðan eru nokkrar ábendingar og umsögn um frumvarpið til handa þingheimi auk nokkurra fróðleiksmola um stöðu þessa málefnis.

Í tillögu þingmannanna er sett fram eftirfarandi markmið: „að refastofninum verði haldið innan eðlilegra marka“

„Eðlileg mörk“ eru að mati þingmannahópsins um 4-5000 dýr en ekki er frekar greint frá því hvernig sú tala er til komin. Samkvæmt nýjasta stofnmati var íslenski refastofninn um 10.000 dýr að hausti árið 2007 (Páll Hersteinsson 2010). Á því ári voru, samkvæmt gögnum frá veiðistjórnunarsviði Umhverfisstofnunar (UST), greidd verðlaun fyrir 5.282 felld dýr að upphæð 97 milljónir á verðlagi ársins 2012 (Mynd 1).

Áhugavert er að velta fyrir sér hvernig menn hyggjast ná þessari ”eðlilegu” stofnstærð sem nefnd er í tillögunni og ekki síst hvernig eigi að viðhalda henni. Þar sem fæðuframboð er breytilegt má gera ráð fyrir tímabilum gnægðar en líka þurrðar og sveltis. Ef stefnt væri að 4.000 dýra stofni, sama hvað fæðuframboði líður, gæti það reynst þrautin þyngri auk þess sem ákaflega kostnaðarsamt og flókið, ef ekki óhugsandi, yrði að viðhalda þeirri stærð. Sér í lagi þegar líklegt er að burðargeta búsvæða á landinu sé nægileg fyrir þann 10.000 dýra stofn sem þrífst í dag og gæti því talist ”eðlileg stærð”.

Ennfremur vantar skýringu á hvernig sú tala yrði reiknuð og útfærð, eiga þessir 4.000 refir að dreifast jafnt um landið? Er þessi tala miðuð við fjölda að hausti (með yrðlingum sumarsins, eins og nú er gert) eða að vori fyrir got? Hvernig á að meta stofnstærðina og hvaða aðferðum á að beita til að koma í veg fyrir fjölgun eða fækkun í stofninum. Stofnmat á Íslandi er byggt á langtímarannsóknum (svokölluð VPA aðferð, sjá t.d. Páll Hersteinsson 1987a) með úrvinnslu á gögnum sem safnast með veiðum og krufningum hræja sem til falla vegna veiðanna. Hingað til hefur ekki verið áhugi á auknum fjármunum í slíkar rannsóknir sem þó þyrfti að efla verulega til að geta fylgst með hvort stofninn haldist í gefinni stærð. Þessum hugmyndum mætti velta lengi fyrir sér en framkvæmdin er hvorki auðveld né ódýr ef slíkt telst á annað borð framkvæmanlegt.

Ef halda ætti stofninum í ”lágmarksstærð” yrði að beita öðrum aðferðum en nú er gert. Líklegt má telja að miklum fjármunum og fyrirhöfn sé eytt í að veiða þau dýr sem ekki hafa náð í maka eða óðal og skipta því litlu máli fyrir viðgang stofnsins í heildina. Vöktun til að meta hvort stofninn sé að vaxa eða minnka yrði að vera miklu nákvæmari en nú er, sem kallar á aukinn kostnað við rannsóknir. Yrði umrædd tillaga samþykkt má gera ráð fyrir því að kostnaðurinn yrði margfalt hærri en nú er og árangur til lengri tíma óviss.

Fróðleiksmoli:

Rannsóknir á íslensku tófunni voru lengst af í höndum Páls Hersteinssonar heitins (1951-2011) sem safnaði refahræjum, krufði, mældi og aldursgreindi í 32 ár. Meðal mikilvægra upplýsinga sem hann leiddi í ljós var að refastofninn fór sístækkandi frá upphafi vöktunar en áður hafði verið sýnt fram á að stofninn var í lágmarki á árunum 1973-1975 eftir mikla fækkun frá því um 1960 (Páll Hersteinsson 1985 og 1987 a,b). Haustið 2007 hafði því stofninn verið í samfelldum vexti í nærfellt 35 ár og var orðinn næstum því 10 sinnum stærri en í upphafi vöktunarinnar. Sú staðreynd að refastofninn hefur vaxið mikið á síðustu 30 árum þrátt fyrir miklar og kostnaðarsamar veiðar er fræðilega mjög áhugaverð. Í það minnsta er nokkuð ljóst að þrátt fyrir sífellda veiðisókn hefur refastofninn vaxið svo ekki er víst að veiðar einar og sér hafi tilætluð áhrif.

Þegar fylgst er með villtum dýrastofnum á borð við tófuna eru lýðfræðilegir þættir eins og fæðingar, dauði, innflutningur og útflutningur metnir. Á Íslandi skipta tveir síðarnefndu þættirnir ekki máli fyrir stofninn í heild en eru mikilvægir þegar verið er að kanna samgang á milli svæða. Einnig eru kynjahlutföll, aldurshlutföll, lífslíkur og félagskerfi lykilatriði í stofnstærðarstjórnun og þá í samhengi við framboð fæðu og hentugra búsvæða. Meðal mikilvægra áhrifaþátta í breytingum á stofnstærð eru annars vegar hversu hátt hlutfall læðna eignast afkvæmi og hins vegar hversu marga yrðlinga þær læður eignast sem gjóta á annað borð. Þetta eru upplýsingar sem fást með samstarfi við veiðimenn og krufningum, þ.e. að telja legör í læðum sem hafa gotið (sem gefur upplýsingar um frjósemi og hlutfall

læðna sem tímgast) og fjölda yrðlinga á grenjum sem unnin eru. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna Páls heitins bendir ekkert til annars en að frjósemi hafi verið stöðug og geldtíðni lág undanfarin ár (Páll Hersteinsson 2004 a,b og 2011). Á öðrum útbreiðslusvæðum tegundarinnar eru læmingjar aðalfæða tófunnar. Stærð læmingjastofna sveiflast nokkuð reglulega með nokkurra ára millibili milli toppa en eru fálíðaðir þess á milli. Sveiflan hefur verið um 3-5 ár í norðanverðum Noregi, Svíþjóð og Finnlandi en talið er að þessar sveiflur séu að breytast vegna hlýnunar. Tófur á þessum slóðum fylgja sveiflum læmingjanna og eru mjög frjósamar þegar nóg er af læmingjum. Þess á milli tímgast aðeins fáeinar læður og yrðlingar þeirra eiga erfitt uppdráttar. Íslenskar læður eignast færri yrðlinga í hverju goti í samanburði við þær sem búa á læmingjasvæðum og hefur þessi munur einkum verið skýrður með mun á stöðugleika fæðuframboðs (sjá t.d. Angerbjörn o.fl. 2004). Á Íslandi tímgast jafnframt hærra hlutfall fyrsta árs læðna en á öðrum svæðum (t.d. Svalbarða, Prestrud 1992, Páll Hersteinsson 2004a og 2011). Tófur eru óðalsdýr og geta ekki komið upp yrðlingum nema parið hafi yfirráðasvæði til umráða og báðir foreldrar taki þátt í umönnun yrðlinganna. Vegna grenjavinnslu losna óðul oftast gerist af náttúrunnar hendi og því fá yngri dýr tækifæri til að tímgast. Á Svalbarða eru ekki læmingjar og fæða að vetrarlaga er takmarkandi þáttur fyrir viðgang refastofnsins (Nina Eide o.fl. 2003) líkt og talið er að sé á Íslandi.

Í Noregi hefur tófan verið friðuð frá árinu 1928 eftir að stofninn hrundi. Sama var uppi á teningnum í Svíþjóð en þar tók friðunin gildi árið 1929 (Hersteinsson o.fl. 1989). Líklega hefur tófan þar orðið undir í samkeppni við rauðrefi (*Vulpes vulpes*). Ennfremur hafa breytingar á læmingjasveiflum og einangrun stofna vegna breytinga á búsvæðum (vaxandi barrskógarbelti) orsakað hnignun (t.d. Tannerfeldt o.fl. 2002, Selås og Vik 2007, Shirley o.fl. 2009). Miklum fjármunum er varið í rannsóknir á tegundinni víða erlendis og í Skandinavíu hafa staðið yfir viðamiklar aðgerðir í nokkra áratugi til að bjarga stofninum frá útrýmingu. Sýnt hefur verið fram á að mestum árangri er náð með því að fódra dýrin yfir veturinn. Aukin fæða að vetrarlaga jók frjósemi (fjöldi yrðlinga á læðu) og lækkaði geldtíðni (fjöldi kvendýra sem tínguðust jókst) (Angerbjörn o.fl. 1991). Aukin fæða að vetri hafði því mjög jákvæð áhrif á þá þætti sem stuðla að fjölgun tófunnar. Skortur á óðulum (Tannerfeldt o.fl. 2002) verður til þess að hluti kynþroska dýra tímgast ekki heldur verður að bíða færiss og halda lífi og heilsu þar til röðin kemur að þeim. Þessi atriði eru áhugaverð að því leyti að íslendingar glíma við hið gagnstæða, fjölgun í tófustofninum og því áhugavert fyrir okkur að skoða hvaða aðferðir virka best fyrir nágrannaþjóðir okkar til að auka stofnvöxtinn hjá tegundinni.

Meðan enn losna óðul og nóg er af æti að vetrarlaga (Hálf dán H. Helgason 2008) er séð til þess að ávallt séu næg tækifæri fyrir íslenskar tófur til að tímgast og viðhalda stofninum. Ef halda ætti stofninum í "lágmarksstærð" yrði að veiða miklu stærra hlutfall kynþroska dýra en nú er gert. Líklegt má telja að nú sé miklum fjármunum og fyrirhöfn eytt í að veiða þau dýr sem ekki hafa náð í maka eða óðal. Þannig verða færri um fæðuna að vetrarlaga sem þýðir minni samkeppni og veiðarnar gætu því mögulega haft jákvæð áhrif á þau dýr sem eftir verða.


Um markmið núgildandi laga og refaveiðar

Í reglugerð 437/1995 um refa- og minkaveiðar er markmið slíkra veiða sagt vera að koma í veg fyrir eða draga úr tjóni sem skilgreint er: „*Fjárhagslegt tjón sem einstaklingar, fyrirtæki eða aðrir verða fyrir, heilsufarslegt tjón fólks eða búfænaðar og tjón á náttúru landsins.*“

Árið 2003 skipaði þáverandi umhverfisráðherra nefnd sem fjalla átti um áhrif refs í íslenski náttúru, niðurstöður og ályktanir þeirrar nefndar lofuðu góðu og bentu til þess að breytt fyrirkomulag rannsókna og veiða væru á næsta leiti. Skemmst er frá því að segja engin af tillögum nefndarinnar sem fól í sér breytingar eða aðgerðir hafa komið til framkvæmdar. Ein þessara tillagna var þó að reyna að meta það tjón sem refir valda í landbúnaði:

„*Loks leggur nefndin til að endurgreiðsluhlutfall ríkissjóðs verði 50% af verðlaunum samkvæmt viðmiðunartaxta næstu 5 árin á meðan aflað er frekari upplýsinga um refastofninn og tjón af völdum refa.*“

Við styðjum tillögur ofangreindrar nefndar og leggjum því til að tjón vegna refa verði metið og betur skilgreint en nú er, sér í lagi hvað varðar tjón á búfé. Út frá því mati verði hægt að gera aðgerðar áætlun byggða á rökum um hvar og hvenær æskilegt sé að greiða fyrir refavinnslu. Melrakkasetrið getur tekið að sér slíkt mat, í samstarfi við þá aðila sem hafa undir höndum þau gögn sem þarf við matið og aðra málsaðila.



Mynd 1 Súluritið sýnir heildarkostnað við refaveiðar á árunum 1996 til 2011, á verðlagi ársins 2012, sem nemur 1.570 milljónum króna á tímabilinu. Endurgreiðslu-hlutur ríkisins er sýndur í bláum lit en eftirstandandi kostnaður sem sveitarfélögin greiddu er sýndur með rauðu. Upplýsingarnar eru fengnar hjá veiðistjórnunarsviði Umhverfisstofnunar.

a. Að Refaveiðar verði ekki bannaðar á ákveðnum landsvæðum

Refurinn er friðaður í 26 friðlöndum á Íslandi en mörg þeirra eru lítil og í flestum þeirra er lítið sem ekkert um refi (www.ust.is). Mikilvægast er eflaust Hornstrandafríðland þar sem þéttleiki stofnsins er líklega einna hæstur á Íslandi (þ.e. fjöldi dýra á flatarmálseiningu). Umræðan fjallar lang oftast um friðun refa á Hornströndum og áhrif hennar á refastofninn í heild. Mjög hæpið er að halda því fram að friðun á því svæði skipti máli fyrir vöxt refastofnsins í heildina.

Árið 1991 var skipuð nefnd með það að markmiði að draga úr kostnaði við refaveiðar að kröfu fjármálaráðuneytisins. Nefndarmenn, þ.m.t. vestfirskur þingmaður, lögðu það til að friða skyldi refi á Hornströndum þar eð ríkið bæri eitt kostnað af þeirri vinnslu. Eini nefndarmaðurinn sem lagðist gegn þessu var Dr. Páll heitinn Hersteinsson sem benti á að slík friðun væri ekki æskileg án forrannsóknna á fuglalífi sem hægt væri að nota til samanburðar fyrir og eftir friðun. Til viðbótar lagði nefndin til að ríkið drægi úr kostnaði við grenjavinnslu á miðhálandinu þar sem kostnaður á hvern unninn ref væri mun hærri en annars staðar á landinu (Páll Hersteinsson 2004b). Upphafleg ástæða fyrir friðun refa á þessum landsvæðum var því sparnaður enda víða óhagkvæmt og beinlínis óraunhæft að halda áfram kostnaðarsömum aðgerðum.

Erfðafræðirannsókn á íslenskum tófum hefur leitt í ljós að samgangur milli landsvæða sé það lítil að vestfirskar tófur hafi einangrast og beri í sér erfðaefni sem er frábrugðið því sem finnst í tófum á öðrum landsvæðum (Norén o.fl. 2009). Jafnframt er bráðsmitandi eyrnamaur (*Otodectes cynotis*) mjög algengur í refum á Hornströndum og Ströndum en finnst sjaldan í refum á öðrum svæðum Vestfjarða

og nánast alls ekkert á öðrum landshlutum (Gunnarsson o.fl. 1991). Þetta tvennt útilokar að Hornstrandir skipti máli fyrir viðgang tegundarinnar á öðrum landsvæðum.

Þar sem Hornstrandir eru fremur lítið (um 680km²) og afmarkað svæði og langt í næstu býli í byggð væri líklega hagkvæmara að greiða fyrir veiðar í nágrenni við aðliggjandi bújarðir en að fara í kostnaðarsamar veiðar í Friðlandi Hornstranda. Þau hræ sem féllu til vegna slíkra veiða myndu nýtast til rannsókna á hugsanlegum samgangi refa við önnur svæði.

Vegna hlutfallslega langrar strandlengju og stórra fuglabjarga er líklega mestur þéttleiki íslenskra refa á Vestfjörðum. Vestfirðir eru því tilvalinn vettvangur fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu sem beinist að melrakkanum, eina upprunalega landspendýri Íslands. Þar gegnir Friðlandið á Hornströndum og spakar tófur lykilhlutverki. Ferðaþjónar á svæðinu hafa nýtt sér refina sem aðráttarafl og vekja þeir sífellt meiri athygli og væntingar meðal ferðamanna. Melrakkinn er fágæt skepna á heimsvísu og gegnir mikilvægu hlutverki í vistkerfum norræna svæða sem hafa þróast og aðlagast á löngum tíma en taka nú breytingum sem enginn sér fyrir endann á. Þessar staðreyndir vekja athygli ferðamanna sem sækjast í síauknum mæli eftir því að fá að sjá þetta fágæta dýr í sínum náttúrulegu heimkynnum. Refurinn er nú þegar orðinn verðmæt auðlind í ferðaþjónustu og mikilvægt að hafa það í huga þegar rætt er um skipulag kostnaðarsamra veiða á friðuðum svæðum.

Melrakkasetur Íslands leggst því gegn því að veiðar verði leyfðar í friðlöndum og vísun í tillögu okkar um betra mat á tjóni vegna refa og að það verði raunverulega kannað hvar og hvernig hagkvæmt sé að greiða fyrir refaveiðar og/eða grenjavinnslu.

b. Að teknað verði upp aftur upp greiðslur úr ríkissjóði vegna fækkunar refa.

Í fjárlögum 2013 hefur verið ákveðið að veita 30 milljónum til refaveiða svo í raun hefur nú þegar verið orðið við þessari kröfu. Sömuleiðis má geta þess að samkvæmt upplýsingum frá veiðistjórnunarsviði Umhverfisstofnunar endurgreiddi ríkið um 11,5 milljónir til sveitarfélaganna fyrir refaveiðar árið 2011, á verðlagi þess árs, þrátt fyrir fullyrðingar ýmissa aðila um að ekkert hafi verið greitt (reyndar má skilja þennan lið sem svo að framsögumenn tillögunnar hafi líka þá skoðun). Upphæðin er nokkuð lægri en greitt hafði verið fyrir málaflökkinn undanfarin ár, en það skapast einungis af því að refaveiðar drógust saman á þessum tíma en ekki vegna breytts fyrirkomulags á framlögum ríkisins. Við höfum ekki upplýsingar um greiðslufyrirkomulag árið 2012 né kostnað sveitarfélaga og ríkis þar að lútandi. Hins vegar hlýtur það að vera grunnkrafta að arðsemi fjárfestingar á borð við þessa sé þekkt, þ.e. hvert tjónið er og hversu miklum fjármunum er eytt til að koma í veg fyrir það tjón. Varðandi aukin fjárframlög til fækkunar refum bendum við á að undanfarna áratugi hefur veiðialag verið aukið umtalsvert, með tilheyrandi kostnaði, án þess að þeim hafi fækkað heldur hefur stofninn stækkað umtalsvert.

Við styðjum þá ákvörðun að greitt verði fyrir refavinnslu en beinum því jafnframt til stjórnvalda að hugsanlega megi ná fram meiri hagkvæmni með betri og skilvirkari veiðistjórnun. Skilgreina þarf betur og meta það tjón sem af refum hlýst og hvernig veiðar dragi úr eða komi í veg fyrir það tjón. Að unnið sé samkvæmt áætlunum og markmiðum í samræmi við lög og reglugerðir og að kannað verði hvort og hvernig þeim markmiðum hafi verið náð. Sömuleiðis leggjum við til að sveitarfélög fari fram á að veiðimenn skili inn dýrinu öllu, fersku, í stað einungis skottsins. Þannig gætu vísindamenn fengið mun jafnara sýni af öllum svæðum en nú tíðkast en þeim dýrum sem ekki væri óskað eftir væri fargað. Ríki og sveitafélög hefðu þá upplýsingar til að geta betur skipulagt veiðar á sínu svæði. Í 9 grein reglugerðar 437/1995 um refa og minkaveiðar segir: „Grenjaskyttur og minkaveiðmenn, sem sveitarfélög semja við um refa- og minkaveiðar, skulu í starfi stuðla að aukinni þekkingu á refum og minkum í samvinnu við veiðistjóra og láta í té sýni úr feldum dýrum sér að kostnaðarlausu, fari veiðistjóri fram á það eða aðrir sem hann samþykkir.“

c. Að rannsóknir verði á hendi vísindamanna en veiðistjórnun, þ.e. skipulagning, stjórnun og leiðbeiningar þjónusta við veiðimenn verði á hendi reyndra veiðimanna.

Það kerfi sem í dag viðgengst og mætti kalla veiðistjórnun á refaveiðum er alfarið í höndum pólitískra aðila og embættismanna, bæði í ráðuneytum og á sveitarstjórnarstigi. Sú stýring felst þó eingöngu í greiðslu verðlauna og ráðningar skotmanna sem svo í flestum ef ekki öllum tilfellum sjá sjálfir um skipulagningu veiðanna, s.s. hvar og hvenær er veitt. Vísindamenn hafa hingað til haft lítið sem ekkert komið að skipulagningu eða fyrirkomulagi veiða utan nefndarstarfa þar sem ráðleggingar þeirra og sjónarmið hafa ítrekað orðið undir.

Ljóst er að sú þekking sem til staðar er í dag hefði ekki orðið til ef ekki væri fyrir samstarf áhugasamra aðila, vísindamanna og velviljaðra og dugandi refaskyttna víðsvegar af á landinu. Þó einstaka menn sem titla sig sjálfa í fjölmiðlum sem talsmenn refaskyttna lýsi reglulega yfir vanþóknun sinni á störfum vísindamanna er það ljóst að þær skyttur sem taka starf sitt alvarlega kunna að meta samstarfið og þær upplýsingar sem þeir fá til baka, t.d. um aldur og frjósemi þeirra dýra sem skilað hefur verið inn til krufninga ásamt samantekt á stofninum í heild. Hvaða tilfinningar sem menn kunna að bera til refsins eru það fáir sem endast í slíkum veiðiskap án þess að fyrir hendi sé áhugi á viðfangsefninu. Því hefur skapast góður grundvöllur fyrir slíku samstarfi sem stjórnvöld ættu frekar að ýta undir, m.a. með því að fá að borðinu vísindamenn og veiðimenn sem sýnt hafa samstarfsvilja sinn í verki.

Við fögnum hugmyndum um aukið samstarf við veiðimenn en teljum ekki að veiðistjórnun eigi að vera á þeirra hendi heldur yfirvalda sem greiða reikninginn. Skipulag veiðanna þarf að byggja á mati vísindamanna sem fengið er í samstarfi við veiðimenn og sveitarfélög.

d. Að samið verði við Samband íslenskra sveitafélaga eða landshlutasamtök sveitafélaga um að sjá um skipulagningu veiðanna og greiðslur til veiðimanna.

Í 12. grein laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/ 1994 er kveðið á um að sveitafélög skuli ráða skyttur til grenjavinnslu þar sem ráðherra telur nauðsynlegt að láta veiða refi til að koma í veg fyrir tjón. Það er því í raun nú þegar á ábyrgð sveitarfélaganna að skipuleggja veiðar og sjá um greiðslur til veiðimanna (tillaga þessi stangast reyndar nokkuð á við c. lið tillögunnar).

e. Að greiðslur fyrir hlaupadýr og grenjavinnslu verði þau sömu um allt land.

Greiðslur vegna refaveiða eru inntar af hendi sveitarfélaga en síðan 1997 hefur greiðslufyrirkomulag verið þannig að veiðimenn fá greitt samkvæmt taxta allt að 7.000 kr fyrir skott af fullorðnu dýri en 1.600 kr fyrir hvern yrðling sem fangaður er á greni. Af því greiðir ríkið 50 % (30% árin 2003 og 2004). Við þessi verðlaun bætist svo tímakaup og ferðakostnaður, þó einungis til þeirra veiðimanna sem ráðnir eru af sveitarfélögunum til grenjaleitar og vinnslu (sem ríkið hefur ekki tekið þátt í kostnaði við síðan 1996). Sum sveitarfélög hafa einnig greitt töluvert hærra verðlaun en viðmiðunartaxtinn segir til um, en ríkið tekur ekki þátt í kostnaði umfram þá fjárhæð. Því má í raun segja að þetta fyrirkomulag sé nú þegar fyrir hendi þó að sveitarfélög virðist í mörgum tilfellum velja að greiða herra gjald en þeim ber skylda til. Hafa ber í huga að það fyrirkomulag sem nú er til staðar felur í sér möguleikann á

Því að óprúttir aðilar nýti sér slíkan mun og skili inn refum eða skottum af refum, sem skotnir voru í öðrum sveitarfélögum, til þeirra sem hæst greiða (eins og fullyrt er að tíðkist í greinargerð með tillögunni sem hér er til umfjöllunar).

Tillögur og lokaorð

Í raun felur þingsályktunartillaga þessi í sér gríðarlega aukningu á fjárútlátum til viðbótar við þær 100 milljónir sem árlega hafa runnið til þessara veiða, til að ná fram markmiði sem að öllum líkindum er óraunhæft. Varhug ber að gjalda gagnvart slíkum lagabreytingum án þess að það fái á hreint hvert raunverulegt tjón af völdum refa í landbúnaði og hlunnindabúskap er. Spurningin ætti raunverulega að vera hvernig koma megi á sem hagkvæmastan hátt í veg fyrir slíkt tjón og hvort veiðar í þeirri mynd sem þær eru stundaðar í dag séu raunverulega hagkvæmar.

Undanfarin 15 ár hafa veiðar á ref stóraukist samkvæmt veiðitölum umhverfisstofnunnar en þrátt fyrir það hefur fjöldi innsendra hræja ekki aukist (Ester Rut Unnsteinsdóttir 2012). Þar sem stofnmat á refum á Íslandi er byggt á þeim sýnum sem send eru inn til rannsókna, auk upplýsinga um veiðd dýr er mikilvægt að fá herra og jafnara hlutfall aflans en nú er. Því þarf að efla samstarf við veiðimenn og sveitafélög til að nýta betur þau hræ sem til falla vegna veiðanna. Þannig fæst betri mynd af ástandi stofnsins og úrvinnsla verður skilvirkari.

Við leggjum til að ráðist verði í mat á tjóni af völdum refa í sauðfjár- og æðarbúskap í samstarfi við opinbera aðila, æðar og sauðfjárræktarsamtök og mögulegar leiðir kannaðar á að koma í veg fyrir slíkt tjón með hagkvæmari hætti en nú tíðkast s.s. með því að sleppa smærri lömbum seinna á fjall og/eða að veita styrki til uppsetninga refheldra girðinga í kringum æðarvörp eins og t.d. hefur gefið góða raun í Norðurkoti á Reykjanesi (Páll Hersteinsson 2004b). Eins mætti athuga þann möguleika að greiða einungis verðlaun fyrir unna refi á þeim svæðum sem talið er að af viðveru refa geti hlotist mælanlegt tjón. Sömuleiðis leggjum við til að ráðist verði í að kanna áhrif vetrarveiða og útburðar ætis á afkomu refastofnsins. Þessi vinna getur vel farið saman við vöktun íslenska refastofnsins sem unnin er í samstarfi við veiðimenn, Náttúrufræðistofnun og yfirvöld og Melrakkasetrið tók við eftir lát Páls Hersteinssonar. Áhugi er fyrir auknu samstarfi við Náttúrustofur í þessu samhengi eins og hefur gefið góða raun á Vestfjörðum.

Við leggjum jafnframt til að þær brotalamir sem felast í núverandi skráningakerfi refaveiða verði lagfærðar og reglur um skil á lögbundnum upplýsingum um felld dýr og staðsetningar grenja verði hertar þannig að þeim sveitarfélögum sem ekki skila inn þeim upplýsingum sem þeim ber samkvæmt lögum að skila verði ekki endurgreiddur kostnaður úr ríkissjóði.

Eins og áður sagði er Melrakkasetur Íslands reiðubúið til að afla gagna og meta eftir fremsta megni það tjón sem villtir refir gætu hugsanlega valdið á sauðfé í náttúru landsins. Einnig að meta áhrif þess að nota æti til vetrarveiða á viðgang stofnsins. Verkefni þessi falla vel að starfsemi okkar og höfum við þegar gert áætlun um tíma og kostnað við slíkar athuganir. Fjármunum til slíkra verkefna yrði vel varið því mikilvægt er að meta það tjón sem svo hárra upphæð er eytt á ári hverju til að koma í veg fyrir. Þess ber að geta að Melrakkasetrið er staðsett á norðanverðum Vestfjörðum og skiptir hvert slíkt verkefni gríðarlega miklu máli fyrir atvinnuuppbyggingu og byggðaðróun á svæðinu.

Við erum tilbúin til viðræðna við málsaðila um samstarf í þessum efnum.

Vinsamlegast hafið samband við undirrituð ef frekari upplýsinga er óskað.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd Melrakkaseturs Íslands ehf
Ester Rut Unnsteinsdóttir og Hálfván Helgi Helgason
Melrakkasetur Íslands
Eyrardal, 420 Súðavík
S. 456 4922, melrakki@melrakki.is

- Angerbjörn A., Arvidson B., Norén, E. & Strömngren L. (1991). The effect of winter food on reproduction in the arctic fox, *Alopex lagopus*: a field experiment. *Journal of Animal Ecology*, 60: 705-714.
- Angerbjörn A., Páll Hersteinsson & M. Tannerfeldt (2004): Arctic foxes: Consequences of resource predictability in the Arctic fox - two life history strategies. Í: Macdonald D.W. & C. Sillero-Zubiri (ritstj.): *Biology and Conservation of Wild Canids*. Oxford University Press, UK. 163-172
- Bakken, V., D. Boertmann, A. Mosbech, B. Olsen, Ævar Petersen, H. Ström & H. Goodwin 2006. Nordic Seabird Colony Databases: Results of a Nordic project on seabird breeding colonies in Faroes, Greenland, Iceland, Jan Mayen and Svalbard. *TemaNord* 2006: 512, 96 bls.
- Crowe, O., Austin, G.E. & Colhoun, K. (2008): Estimates and trends of waterbird numbers wintering in Ireland, 1994/95 to 2003/04 – *Bird Study* 55, 66-77
- Eide, N.E., Eid, P.M., Prestrud, P. & Swenson, J.E. (2005): Dietary responses of arctic foxes *Alopex lagopus* to changing prey availability across an Arctic landscape. - *Wildl. Biol.* 11: 109-121.
- Ester Rut Unnsteinsdóttir (2012). Vöktun íslenska refastofnsins. Áfangaskýrsla fyrir vöktun refa 2011 – 12. Unnið fyrir Veiðikortasjóð og Umhverfis og auðlindaráðuneytið. <http://www.melrakki.is/verkefni/rannsoknir/skra/51/> (sótt 10. mars. 2013).
- Gunnarsson, E., Hersteinsson, P., & Adalsteinsson, S. (1991). Prevalence and geographical distribution of the ear canker mite (*Otodectes cynotis*) among arctic foxes (*Alopex lagopus*) in Iceland. *Journal of wildlife diseases*, 27(1), 105-109.
- Hálf dán H. Helgason (2008). Fæða refa (*Vulpes lagopus*) á hálendi Íslands að vetrarlagi. Þriggja eininga rannsóknarverkefni við Líffræðiskor Háskóla Íslands. <http://melrakki.is/greinar/skra/20/>
- Hersteinsson, P., Angerbjörn, A., Frafjord, K., & Kaikusalo, A. (1989). The arctic fox in Fennoscandia and Iceland: management problems. *Biological Conservation*, 49(1), 67-81.
- Mitchell, C., A.D. Fox, H. Boyd, A. Sigfússon og D. Boertmann 1999. Pink-footed Goose *Anser brachyrhynchus*. Iceland/Greenland. Bls. 68–81 í: J. Madsen, G. Cracnell og A.D. Fox (ritstj.) *Goose Populations of the Western Palearctic. A review of status and distribution.* – Wetlands International Publication No. 48, Wetlands International, Wageningen, The Netherlands. National Environmental Research Institute, Denmark.
- Mitchell, C. & Sigfússon, A. (1999). Greylag Goose *Anser anser*: Iceland. Bls. 162–171 í: J. Madsen, G. Cracnell og A.D. Fox (ritstj.) *Goose Populations of the Western Palearctic. A review of status and distribution.* – Wetlands International Publication No. 48, Wetlands International, Wageningen, The Netherlands. National Environmental Research Institute, Denmark.
- Noren, K., Angerbjörn, A., & Hersteinsson, P. (2009). Population structure in an isolated Arctic fox, *Vulpes lagopus*, population: the impact of geographical barriers. *Biological Journal of the Linnean Society*, 97(1), 18-26.
- Páll Hersteinsson (1985): Starfsemi á vegum Veiðistjóraembættisins 1985. Fréttabréf veiðistjóra 2(2):2-28.
- Páll Hersteinsson (1987a): Útreikningar á stærð íslenska refastofnsins. Fréttabréf veiðistjóra 3(1):25-55.

Páll Hersteinsson (1987b): Langtímasveiflur í refaveiði. Fréttabréf veiðistjóra 3(1):12-24.

Páll Hersteinsson & D.W. McDonald (1996): Lamb consumption Arctic foxes in Iceland. Í: McDonald D.W. & F.H. Tattershall (ritstj.): The WildCRU Review: the Tenth Anniversary Report of The Wildlife Conservation Unit at Oxford University. WildCRU, Oxford,UK. 148-151.

Páll Hersteinsson, ritstj. (2004a): Íslensk spendýr. Vaka-Helgafell, Reykjavík. 344 bls.

Páll Hersteinsson (2004b): Greinargerð um íslenska refinn – Unnin fyrir nefnd um áhrif refs í íslenskrri náttúru (Svör við spurningum nefndarinnar).

Páll Hersteinsson (2010) Íslenska tófan. Veiðidagbók Umhverfisstofnunar 2010: 10-15.

Páll Hersteinsson (2011) Fyrirlestur, Rjúpan og refurinn, erindi haldið á vegum SKOTVÍS 15.mars 2011 í Gerðubergi. Upptöku af erindinu má nálgast á <http://vimeo.com/30184780>

Prestrud P (1992) Arctic foxes in Svalbard: population ecology and rabies. PhD thesis, Norsk Polarinstittutt, Oslo

Salomonsen, F. 1965. Geographic variation of the Northern Fulmar (*Fulmarus glacialis*) and zones of the marine environment in the North Atlantic. **Auk** 85: 327-355

Selås V and Vik J O. (2007) The arctic fox *Alopex lagopus* in Fennoscandia: a victim of human-induced changes in interspecific competition and predation? *Biodiversity and Conservation*, 16, 3575-83

Shirley, Mark D.F.; Elmhagen, Bodil; Lurz, Peter W.W.; Rushton, Steve P.; Angerbjörn, Anders (2009) Modelling the spatial population dynamics of arctic foxes: the effects of red foxes and microtine cycles: *Canadian Journal of Zoology*, Volume 87, Number 12, December 2009 , pp. 1170-1183(14)

Stefán Aðalsteinsson, Stefán Sch. Thorsteinsson og Sveinn Hallgrímsson, 1971. Lamb mortality from birth to weaning in Icelandic sheep. Symposium on Management of Sheep at Lambing Time in Cold, Wet Climate. Reykjavík, Iceland, 20-23. May, 1971. Fjölrit 8 s.

Tannerfeldt M, Elmhagen B, Angerbjörn A. (2002) Exclusion by interference competition? The relationship between red and arctic foxes. *Oecologia* 132: 213-220.